

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2018
Tilvísun þí: 2018040064/5.0

Efni: Breytingar á barnalögum

Pjóðskrá Íslands vísar til áforma dómsmálaráðuneytisins um breytingar á barnalögum nr. 76/2003 sem snúa að því að lögfesta ákvæði um heimild foreldra til þess að semja um skipta búsetu barns og fleira. Þessar breytingar kalla á að breyta þurfi öðrum lögum s.s. lögum sem heyra undir Pjóðskrá Íslands

Pjóðskrá Íslands fagnar þessum áformum stjórnválda og telur fulla ástæðu til þess að ákvæði um skipta búsetu barna verði leitt í lög. Þessu til grundvallar er nauðsynlegt að horft verði annars vegar til skýrslu starfshóps um jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna dags. 24. september 2015 og hins vegar til skýrslu verkefnahóps frá því í mars 2017, þar sem skoðað var til hvaða laga og reglugerða yrði breyta svo hægt yrði að lögfesta í barnalög ákvæði sem heimilar foreldrum að semja um jafna búsetu barna þeirra.

Ljóst að umræddar breytingar á barnalögum kalla á breytingar á gildandi lögheimilislögum nr. 21/1990 og lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

Pjóðskrá Íslands leggur áherslu á nauðsyn þess að samráð verði haft við stofnunina við gerð frumvarpsins m.a vegna breytinga á lögum sem heyra undir stofnunina og ekki síðst vegna þeirra breytinga sem gera þarf á þjóðskrá. Ljóst er að umræddar breytingar kalla á uppfærslu þjóðskrár ef miðla á upplýsingum um skipta búsetu barna. Þjóðskrá Íslands er tilbúin til að aðstoða ráðuneytið eftir þörfum við gerð frumvarpsins ef eftir því yrði leitað.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Indriði Björn Ármannsson
Lögfræðingur